

## AUGLÝSING

### um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjar-  
yfirvalda á Akranesi hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Að biðskylda verði á umferð úr þremur íbúðabotnlöngum við Ásabraut gagnvart umferð á Ásabraut.
2. Að biðskylda verði á umferð af Leynisbraut gagnvart umferð á Garðagrund og Ásabraut.
3. Að biðskylda verði á umferð af Höfðagrund gagnvart umferð á Innnesvegi.
4. Að biðskylda verði á umferð af Þormóðsflöt gagnvart umferð á Garðagrund.
5. Að biðskylda verði á umferð af Tindaflöt, Steinstaðarflöt og Smáraflöt gagnvart umferð á Þormóðsflöt.

Ákvörðun þessi tekur nú þegar gildi.

*Sýslumaðurinn á Akranesi, 4. september 2001.*

**Ólafur Þ. Hauksson.**